



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vorbréf 2023

*Félag kvænna í fræðslustörfum
á Íslandi*

Sumarkveðja

Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá.
Nú fossar, lækir, unnir, ár
sér una við þitt gyllta hár.
Nú fellur heitur haddur þinn
um hvíta jökulkinn.

Þú klæðir allt í gull og glans,
þú glæðir allar vonir manns,
og hvar sem tárin kvika' á kinn
þau kyssir geislinn þinn.
Þú fyllir dalinn fuglasöng,
nú finnast ekki dægri löng,
og heim í sveitir sendirðu' æ
úr suðri hlýjan blæ



Þú fróngar, gleður, fæðir allt
um fjöll og dali' og klæðir allt,
og gangirðu' undir gerist kalt,
þá grætur þig líka allt.
Ó, blessuð vertu sumarsól,
er sveipar gulli dal og hól
og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá

Ingi T. Lárusson / Páll Ólafsson



Félag kvenna í fræðslustörfum á Íslandi

Samskipta- og útgáfunefnd óskar félagskonum DKG gleðilegs sumars og þakkar samstarfið!

Útgáfunefnd sendir nú frá sér sitt fjórða og síðasta fréttabréf. Við höfum kallað eftir fréttum frá deildum vor og haust síðastliðin tvö ár og hafa viðbrögðin verið góð. Svo er einnig að þessu sinni.

Forseti DKG Guðrún Edda Bentsdóttir sendir í fréttabréfinu kveðju frá landssambandsstjórn. Þar segir hún m.a. að samstarf við önnur landssambönd í Evrópu hafi aukist mikið á undanförunum árum með tilkomu fjarfunda. Evrópsku menntaraðirnar (DKG European Education Series) eru dæmi um slíkt samstarf. Þar höfum við kynnst ýmsum áhugaverðum sprotum í mennta- og menningarlífi evrópsku þáttökulandanna og framlög íslenska landssambandsins hafa vakið athygli og áhuga. Hún þakkar stjórnarkonum og embættismönnum samstarfið og formönnum deilda þeirra framlag til starfsins innan DKG.

Ný útgáfunefnd tekur nú við keflinu á komandi landssambandsþingi og er henni óskað velfarnaðar um leið og við þökkum gott samstarf á síðastliðnum tveimur árum.

Með sumarkveðju.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG:
Birna Sigurjónsdóttir
Iðunn Antonsdóttir



Fréttir frá stjórn landssambands DKG á Íslandi

Kveðja frá fráfarandi stjórn DKG



Núverandi stjórn landssambands Delta Kappa Gamma tók til starfa 1. júlí 2021 á meðan enn gætti áhrifa Covid-faraldursins hér á landi. Til að mynda þurfti að halda

landssambandsþingið þar sem núverandi stjórn var kosin vorið 2021 á Zoom, þar sem faraldurinn hafði tekið sig upp og enn voru í gildi samkomutakmarkanir.

Í stjórn landssambandsins á tímabilinu 2021 – 2023 hafa verið:

- Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild, forseti
- Aníta Jónsdóttir, Betadeild, 1. varaforseti
- Guðný Helgadóttir, Gammadeild, 2. varaforseti
- Þorgerður Á. Jóhannsdóttir, Nýdeild, ritari
- Elísabet Jóhannesdóttir, Deltadeild, meðstjórnandi.

Eins og sjá má dreifðust stjórnarkonur nokkuð vel um landið eftir búsetu; tvær á

höfuðborgarsvæðinu, tvær á Norðurlandi, og ein á Vesturlandi. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti, starfaði með stjórninni allt tímabilið ásamt Kristínu Helgadóttur, gjaldkera, og Eygló Björnsdóttur, vefstjóra, en þátttaka þeirra reyndist ómetanlegur stuðningur við stjórnina og er þeim hér með þakkað fyrir gott og farsælt samstarf.

Auk hefðbundinna verkefna eins og að skipuleggja framkvæmdaráðsfundi að hausti, vorráðstefnu í maí 2022 og landssambandsþingið 2023, voru verkefnin margvísleg, s.s. að gefa út fréttabréf forseta og miðla ýmsum upplýsingum frá alþjóðaskrifstofunni.

Eitt af því jákvæða sem kom út úr faraldrinum eru aukin alþjóðleg samskipti. Samstarf við önnur landssambönd í Evrópu hefur aukist mikið með tilkomu fjarfunda og eru Evrópsku menntaraðirnar (DKG European Education Series) dæmi um slíkt samstarf en þær urðu til haustið 2021 þegar fella þurfti niður Evrópuráðstefnu í Finnlandi sumarið 2021. Í gegnum þær kynningar sem boðið hefur verið upp á höfum við kynnst ýmsum áhugaverðum sprotum í mennta- og menningarlífi evrópsku þáttökulandanna.

Framlög íslenska landssambandsins hafa vakið athygli og áhuga, bæði erindi Ingileifar Ástvaldsdóttur og Jennýjar Gunnbjörnsdóttur um Menntafléttuna í janúar 2022 en einnig erindi Hólmfríðar Árnadóttur og Guðnýjar Gerðar Gunnarsdóttur sem flutt voru á sameiginlegum „jólafundum“ í desember 2021 og 2022. eru flytjendum fluttar kærar þakkir fyrir sín innlegg.



Sem landssambandsforseta DKG var mér boðið að sitja alþjóðþing samtakanna í New Orleans í júlí 2022. Það var einstaklega gefandi að kynnast samtökunum og innra starfi þeirra af eigin raun og ekki síður að upplifa hvernig haldið var utan um umræður 900 þátttakenda á þinginu um ýmis málefni sem brunnu á mörgum þátttakenda. Það mættu margir taka sér þá fundarstjórn og það skipulag til fyrirmyndar!

Starfstíma núverandi stjórnar landsambandsins lýkur 30. júní nk. og ný stjórn tekur formlega við 1. júlí nk. Ég er sannfærð um að samtökin okkar eiga eftir að vaxa og dafna undir nýrri stjórn og óska henni velfarnaðar í framtíðinni. Ég vil nota tækifærið og þakka núverandi stjórn fyrir farsælt og faglegt samstarf. Embættismönnum samtakanna og nefndarmönnum vil ég þakka fyrir þeirra starf í þágu samtakanna en einnig formönnum deilda fyrir þátttöku í fundum framkvæmdaráðs og stuðning við starf deildanna en deildastarfið er jú undirstaðan undir starfið í samtökunum okkar. Það hefur verið mér sérstaklega lærdómsríkt og gefandi að kynnast starfi DKG á nýjan hátt en það sem hefur gert starfið einstaklega ánægjulegt er hve auðvelt hefur verið að fá konur til að taka að sér ýmis verkefni en eins og fleiri en ein hafa sagt: „Maður segir ekki nei í þessum samtökum, er það nokkuð?“

Fyrir hönd stjórnar landssambands DKG 2021 – 2023,

Guðrún E. Bentsdóttir, forseti





Alfa

Á vorönn hafa verið haldnir þrjú fundir og stefnt er að þeim fjórða í lok maímánaðar.

Fyrsti fundur vorannarinnar var haldinn í húsakynnum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skipholti þann 12. janúar s.l. Fimmtán félagskonur mættu þar til að hlýða á erindi Fjólu Maríu Lárusdóttur, stjórnarkonu í Alfadeild og þróunarstjóra Fræðslumiðstöðvarinnar. Fjóla tók á móti hópnum og boðið var upp á kaffi og meðlæti. Formaður deildarinnar, Hrund Logadóttir, bauð Fjólu Maríu að kveikja á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Fjóla María hélt síðan kynningu um starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar, en hún er gjarnan nefnd fimmta menntastöðin. Markhópur stofnunarinnar eru þeir einstaklingar sem hafa ekki lokið framhaldsskólanámi og er markmiðið að aðstoða hópinn við að afla sér menntunar og auka hæfni þeirra í atvinnulífinu. Meðal annars kom fram í máli Fjólu Maríu að þróaðar hafa verið hæfnigreiningar sem hafa það að markmiði að skilgreina lykilhæfni starfa í gegnum starfaprófil sem er grunnur að uppbyggingu náms eða raunfærnimats. Ráðgjöf um nám og störf er stór þáttur í starfi Fræðslumiðstöðvarinnar og nýttu 8600 einstaklingar sér þá þjónustu á árinu. Margt fleira áhugavert kom fram, félagskonur spurðu fjölda spurninga og

var gerður góður rómur að erindi Fjólu Maríu, sem fékk rauðu rósina sem þakklætisvott.

Að loknu erindi var Margrét Gunnarsdóttir Schram heiðruð í tilefni 90 ára afmælis þann 31. desember sl. Formaður

afhenti henni veglegan blómvönd til að minnast tímamótanna.

Annar fundur vorannar var haldinn í Fjölbrautaskólanum í Ármúla 28. febrúar og hófst hann klukkan 16.00. 20 konur mættu, félagskonur og gestir þeirra. Konur höfðu verið hvattar til að taka með sér konur sem þær teldu að gætu haft áhuga og erindi í deildina. Magnús Ingvason skólameistari og Sigríður Ragna Sigurðardóttir formaður skólanefndar tóku á móti hópnum. Magnús bauð gesti velkomna og sagði frá fjölbreyttum nemendahópi og þjónustu. Í staðnámi eru um 850 nemendur og 1300 í fjarnámi. Um 125 nemendur eru með erlendan bakgrunn og er þeim boðið upp á tungumálanám í tveimur áföngum. Einnig hafa nokkrir fagáfangar verið aðlagðir að hópnum. Í skólann sækja margir sem aðrir skólar hafa hafnað og sumir koma langt að. Mikil áhersla er lögð á jákvæðan skólabrag og samfélag. Krístrún Sigurðardóttir og Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir, kennslustjórar kynntu Heilbrigðisskólann þar sem í boði eru átta námsbrautir: Grunnám heilbrigðisgreina; Heilbrigðisritarabaut; Heilsunuddbraut; Lyfjatæknabaut; Sótthreinsitækni; Sjúkraliðabaut; Tanntæknabaut; Viðbótarnám til stúdentsprófs og Þjónustutæknabaut. Mikil eftirspurn er eftir nemendum af flestum þessara brauta og margir komnir með störf fyrir útskrift.

Á sjúkraliðabaut og tanntæknabaut hefur verið boðið upp á raunfærnimat sem stýttir nám sem nemur færni fólks úr atvinnulífinu. FÁ er í samstarfi við Heilbrigðisráðuneytið um að þróa námsleiðir í takt við framtíðarþarfir. Magnús leiddi hópinn um kennslurými heilbrigðisskólans og m.a. var litið inn í sérhannað rými fyrir





nemendur á sérbraut þar sem til staðar eru sérhönnuð kennslurými og sundlaug. Aðstaða sjúkraliðabrautar vakti athygli þar sem í sjúkrarúmum lágu hreyfingalausir sjúklingar (æfingadúkkur). Að lokinni kynningu var boðið upp á glæsilegar veitingar á kaffistofu skólans og formaður deildarinnar afhenti þeim er hlut áttu að máli rauðu rósina með innilegum þökkum.



Þriðji fundur vorannar var svo haldinn þann 28. apríl síðastliðinn en þann dag lögðu 14 félagskonur land undir fót og fóru á Reykjanesið í dásamlegu veðri og tilkomumikilli fjallasýn. Ferðinni var heitið til Keilis á Ásbrú, miðstöð vísinda, fræða

og atvinnulífs sem hefur það að markmiði að byggja upp námsmannasamfélag á Suðurnesjum. Þar er boðið upp á vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Nanna Kristjana Traustadóttir, framkvæmdastjóri Keilis tók á móti Alfa konum og kynnti þeim starfsemi setursins. Fjórir skólar eru undir regnhlíf Keilis: Háskólabrú, Flugakademía Íslands, Heilsuakademían og Menntaskólinn á Ásbrú. Háskólabrúin er aðfararnám í samvinnu við Háskóla Íslands þar sem boðið er upp á undirbúning fyrir háskólanám. Langflestir nemendur eru í fjarnámi en einn hópur er í staðarnámi. Innan heilsuakdemíunnar er m.a. boðið upp á fóttaaðgerðafræði sem er lögverndað starfsheiti á heilbrigðissviði og menntaskólinn undirbýr nemendur undir stúdentspróf í tölvuleikjagerð. Fyrir utan kjarnagreinar í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku eru áfangar í tölvuleikjagerð og frumkvöðlafræði svo eitthvað sé nefnt.

Nanna lagði áherslu á að ekki væri nauðsynlegt að hafa spilað tölvuleiki til að komast inn á brautina. Margt fleira er í boði hjá Keili og kom það félagskonum nokkuð á óvart að þar er boðið upp á undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf í læknadeild Háskóla Íslands (læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði) og var það fyrst haldið á vordögum árið 2003. Kennsluefnið er uppfært árlega í samræmi við áherslur fyrri inntökuprófa.

Góður rómur var gerður að erindi Nönnu og var henni afhent rauð rós í þakklætisskyni. Einnig var farið í vettvangsferð um skólann þar sem margvísleg aðstaða skólans var skoðuð. Keilir er til húsa þar sem áður var high school á tímum bandaríska hersins á Íslandi. Að lokinni kynningu var ferðinni heitið á Marriot hótelið í Reykjanesbæ þar sem snæddur var kvöldmatur. Vel var tekið á móti hópnum og áttu félagskonur saman góða stund yfir ljómandi veitingum, bleikju eða lambakórónu og súkkulaðiköku með pistasíuís.



Stjórn Alfa deildar

Hrund, Málfríður, Ragnhildur og Fjóla María



Beta

Við hófum nýja árið á bókafundum Beta-deildar þar sem sautján konur ræddu um jafn margar bækur á rétt um klukkustund. Þessi fundur hefur þá sérstöðu að allar konur taka virkan þátt sem gerir hann einkar ánægjulegan.

Næsti fundur var inntökufundur í Beta-deild. Hann var haldinn í heimahúsi 13. mars og þar voru teknar inn tvær konur, þær Ólöf Ása Benediktsdóttir og Vaka Óttarsdóttir. Þær eru báðar virkar í menntastörfum og það er mikill gróði fyrir deildina að fá þær í okkar raðir. Þetta var innileg og hátíðleg kvöldstund sem nærði andann og minnti okkur á tilgang félagsskaparins.

Síðasti hefðbundni fundur skólaársins var haldinn 26. apríl í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Gestur fundarins var okkar eigin Beta systir, Aníta Jónsdóttir fyrrum formaður Beta deildar. Hún hélt mjög vel heppnaðar kynningar fyrir okkur þar sem hún sagði í fyrsta lagi frá ferð sinni til Texas, Austin, þar sem hún sótti leiðtoganámskeið DKG. Aníta sagði okkur einnig frá meistaraþingunni sinni sem ber heitið „Svo er maður ekki einn í þessu“: þörf á foreldrafræðslu og stuðningi í uppeldislutverkinu, sjónarhorn feðra 13-16 ára unglunga. Virkilega áhugavert og fræðandi að heyra af starfinu innan DKG og einnig að sjá hvað félagskonur eru að vinna við.

Lokafundur Beta-deildar verður haldinn 26. maí næstkomandi, deildin átti afmæli á

síðasta ári og að því tilefni munum við heiðra fræðikonu, Helgu Hauksdóttur, fyrir framlag hennar til nýbúafræðslu og málefni tvítyngdra barna á Íslandi.

Fyrsta starfsár nýrrar stjórnar hefur gengið ágætlega. Það hafa vissulega verið vaxtarverkir hjá nýrri stjórn og á stundum erfitt að finna tíma fyrir stjórnarstörfunni í dagsins ama. En þessi stjórn fer reynslunni ríkari inn í næsta skólaár og stolt af fundum vetrarins. Beta-konur hafa á hverjum fundi skilað smá framlagi í pyngju sem í lok starfsár er látið renna til UNICEF. Undirbúningshóparnir hafa staðið sig frábærlega þetta fyrsta starfsár nýrrar stjórnar og samvinnan við eldri félagskonur hefur hjálpað nýrri stjórn mikið.

Eftir lokafundinn í maí og vonandi nærandi sumar stefnir ný stjórn keik á að bjóða upp á skemmtilegt og fræðandi starfsár Beta-deildar 2023-2024. Við munum hefja leika með haustferð sem mun eflaust gleðja andann. Að lokum vil ég þakka félagskonum í Beta-deild og stjórn Beta-deildar á yfirstandandi starfsári fyrir samstarfið. Beta-konur hafa sýnt jákvæðni, verið uppbyggjandi og sýnt styrk sinn á ólíkum sviðum, rétt eins og þeim einum er lagið.

Aðalbjörg Bragadóttir, formaður



Gamma

Fjórir fundir hafa verið haldnir í Gammadeild í vor og verður sjá fimmti haldinn í maí. Yfirskrift starfsársins og þema er: **Grunnhugmyndir farsældar.**

Við Gammasystur höldum í þá hefð að halda bókafund í janúar og veljum tvær jólabækur til umfjöllunar. Ingibjörg Jónasdóttir Gammasystur bauð okkur heim á fallega heimilið sitt eins og undanfarin ár. Í þetta sinn voru til umræðu bækurnar: *Þetta rauða það er ástin* eftir Rögnu



Sigurðardóttur og *Eden* eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Skipt var í þrjá hópa eftir því hvora bókinu Gamma-systur höfðu lesið. Í þriðja hópnum voru þær sem höfðu lesið báðar bækurnar. Hver hópur kynnti síðan helstu áherslur sem fram komu. Margvísleg sjónarhorn komu fram til umhugsunar. Eins og endranær sköpuðust afar líflegar og gefandi umræður um þessar áhugaverðu bækur.

Í febrúar mætti Salvör Nordal umboðsmaður barna í Landakotsskóla og hélt fyrirlesturinn: *Að hlusta á börn – Börn og lýðræði*. Salvör sagði frá starfsemi embættisins og þeim málum sem rata inn á borð umboðsmanns. Embættið væri lítið og því mikilvægt að velja vel þau forgangsmál sem unnið er að hverju sinni. Lögð er áhersla á aðkomu barna að allri umræðu innan embættisins. Hún sagði einnig frá skýrslum sem

embættið hefur beitt sér fyrir, m.a. skýrslu um aðstæður barna sem eiga foreldra sem eru í fangelsi. Þessum málum væri lítið sinnt Íslandi í



samanburði við hin Norðurlöndin. Jafnframt nefndi hún vöktun embættisins á biðtíma barna eftir greiningum.



Í mars var Ásmundur Daði Einarsson mennta- og barnamálaráðherra gestur fundarins sem haldinn var í Kerhólum Borgartúni 12. Ásmundur hóf mál sitt á því að greina frá brennandi áhuga sínum á málefnum barna. Við síðustu stjórnarmyndun hafi hann lagt áherslu á breytta ráðherraskipan þar sem sameinuð væru í eitt embætti þau málefni sem snerta þá þætti sem snúa að umgjörð æskunnar, menntun og velferð. Ásmundur lagði ríka áherslu á mikilvægi þverpólíttískrar samstöðu um málefni barna og





aðkomu allra að borðinu, bæði sérfræðinga og grasrótarinnar. Mikilvægt væri að grípa fyrir inn í málefni barna og ungmenna. Fram kom hjá ráðherra að um 1000-1200 einstaklingar hafi komið að nýjum lögum um velferð barna. Farsældarlöggjöfin sem unnið er að sé grunnur sem þurfi að vera til staðar. Innleiðing laganna taki nokkur ár. Nokkur sveitarfélög hafi nú þegar tekið þátt í þeirri innleiðingu.

Í apríl leiddi Svana Friðriksdóttir okkur Gammasystur sínar um miðbæinn þar sem ýmis listaverk eftir konur voru skoðuð; þau eru fjölmörg. Við stöldruðum m.a. við minnisvarða Ólafar Nordal sem hún gerði um Bríeti Bjarnhéindsdóttur og sjá má hér að neðan.



Þá var gaman að koma við á fyrrum heimili

Vilborgar Dagbjartsdóttur Gammasystur okkar þar sem útilistaverk var skoðað eftir listakonuna og nágretta Vilborgar, Borghildi Óskarsdóttur. Verkið sýnir ljóðið *Síðdegi í september* eftir Vilborgu sem Borghildur risti í leirplötu og kom fyrir á húsvegg sínum gegnt inngangi heimilis Vilborgar. Þetta lýsir fallegum samskiptum þeirra.

Síðdegi í september
Í haustvindinum
blakta drifhvít sængurver
grannkonu minnar
rétt eins og óskrifuð blöð
sem biðja mig um ný ljóð.

Vilborg Dagbjartsdóttir

Á myndinni hér fyrir neðan horfum við stöllum á móður með barn sitt í fanginu. Listaverkið heitir Móðurást (1924) og er eftir listakonuna Nínu Sæmundsson.



Við Gammasystur nutum sögugöngu Svönu mjög og urðum um margt fróðari.

Við viljum nota tækifærið og óska öllum Delta Kappa Gamma konum nær og fjær gleðilegs sumars.

Sigrún Aðalbjarnardóttir varaformaður
Gammadeildar





Delta

Á vorönn 2023 í voru haldnir tveir fundir í Deltadeild. Fyrri fundurinn var haldinn á Garðavöllum þann 2. febrúar 2023. Garðavellir er frístundamiðstöð við golfvöllinn á Akranesi. Að venju hófst fundurinn kl 17:30. Á dagskrá var fyrirhugað erindi í léttum dúr í umsjón Sigrúnar Jóhannesdóttir, félagskonu í Deltadeild: *Delta Kappa Gamma - Hvað sækjum við þar? - Viðhorf, menntun, skemmtun?* Veður var því miður óhagstætt fundardaginn, erindi Sigrúnar frestað, þar sem ófært var um Kjalarnes. Á fundinn komu eingöngu konur búsettar/vinna á Akranesi.

Það er hefð í Deltadeild að fyrsti fundur eftir jól



er bókafundur og svo var einnig með þennan fund. Félagskonur höfðu búið sig undir að ræða um tvær bækur, *Hamingja þessa heims* eftir Sigríði Hagalín Björnsdóttur og *Álfadalur* eftir Guðrúnu J. Magnúsdóttur. Jónína Erna stýrði umræðum sem voru líflegar og fram komu mismunandi skoðanir og upplifanir við lesturinn. Almennt var álitnið að höfundum hefði tekist vel með höfundarverk sín. *Álfadalur* snart okkur djúpt, erfitt viðfangsefni sem höfundur fjallar um og gerir vel. Sögusvið

bókar Sigríðar Hagalín er að hluta til Vesturland og svo er einnig með bókina: *Álfadalur*. Orð til umhugsunar flutti Gunnhildur Björnsdóttir. Orð hennar voru hjartnæm, hún sagðist hafa að leiðarljósi að vera góð manneskja og spjallaði um hvað gerir „mig“ að góðri manneskju? Hún sagðist hafa tileinkað sér úr föðugarði ljóðlínu úr ljóði eftir Vilhjálm Vilhjálmsson: Allt hið góða í heimi haldi í hönd á þér og með þér sé.



Síðari fundurinn var haldinn þann 8. mars í húsnæði Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12 og hófst kl 17:30. Þar tóku á móti okkur Soffía Vagnsdóttir félagi í Kappa deild, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu og Guðrún Edda Bentsdóttir landssambandsforseti.

Góð mæting var á fundinn, 14 konur mættar af 25 félagskonum. Aðalefni fundarins var erindi Soffíu sem nefndist „forvitni-sköpun-mennska“. Þar fjallaði hún um óttann við breytingar sem hefði svo áhrif á hvernig horft væri til framtíðar. Það væri mikilvægt að breyta hugarfari og í stað þess að líta á framtíðina með ótta og áhyggjum þá að líta á hana sem afl til breytinga og umgjörð um spennandi tækifæri. Einnig ræddi hún áherslubreytingar í menntun og kennslu og vitnaði í nýja skýrsla WEF þar sem



tilfinningagreind, leiðtoga- og félagsfærni auk frumkvæðishæfni eru talin mikilvægustu áherslupættir í menntun.

Hún taldi að í ljósi þess þyrfti að skoða þá menntun sem veitt er í skólum landsins. Þar þyrfti einnig að huga enn frekar að fjölmenningu og að láta raddir barna heyrast. Líflegar umræður voru um erindi Soffíu.

Sigrún Jóhannesdóttir flutti síðan orð til umhugsunar. Nefndi hún þau: *Breytingarframfarir?* Hún sagðist ekki vera jafn viss og Soffía um að allar breytingar væru framför. Hún fór síðan yfir þær samfélagsbreytingar sem orðið hafa frá því hún fæddist og þar til dagsins í dag. Ekki síst eru breytingar á tungumálinu henni áhyggjuefni. Varpaði hún í lokin fram spurningunni „erum við síðasta kynslóðin sem talar þokkalega íslensku?“. Sannarlega orð til umhugsunar.

Ekki voru fleiri fundir á vorönn en stjórnin hvatti konur til sækja landssambandsþingið í maí. Þegar þessi frétt er skrifuð hafa sex konur tilkynnt þátttöku á þingið.

Halldóra Jónsdóttir, formaður Deltadeildar.





Epsilon

Vorkveðja að sunnan

Starfsvæði Epsilondeildar er á Suðurlandi. Félagskonur eru dreifðar víða um Suðurland og nokkrar hafa flust á höfuðborgarsvæðið en halda áfram að sækja fundi Epsilondeildar. Á hverju ári eru haldnir u.þ.b. sex fundir. Fundarstaðir eru oft á tíðum vinnustaðir Epsilonsystra eða í nálægð við búsetu þeirra svo jafnræði sé gætt hvað vegalengd varðar.

Bókafundur að löu

Epsilonsystur hafa fundað tvisvar á vorönn fram til þessa. Fyrsti fundur á nýju ári var haldinn í janúar. Þetta var svokallaður bókafundur sem systur bíða eftir í ofvæni. Þær eru ólmar í að segja frá bókum sem þær hafa lesið um jólin eða á liðnu ári, og ekki síður forvitnar um hvað aðrar hafa lesið. Núna hittust þær á heimili Elínborgar



Sigurðardóttur að löu í Bláskógabyggð og það er ekki fyrsta skipti sem bókafundurinn er haldinn þar. Það er einstaklega skemmtileg umgjörð fyrir bókafundi. Fegurðin sem blasir við þegar litið er út um glugga sólstofunnar gæti allt eins verið náttúrulýsing úr íslenskri skáldsögu. Það vakti athygli þegar kynningu lauk að flestar konurnar höfðu valið að lesa bækur eftir íslenska höfunda.

Sólheimar í Grímsnesi

Annar fundur á vorönn var haldinn í mars að Sólheimum í Grímsnesi. Á Sólheimum er



sjálfbært samfélag. Þar búa um 100

Herbergi Sesselju að Sólheimum

saman við fjölbreytta iðju. Sesselja Sigmundsdóttir stofnaði Sólheima 1930 aðeins 28 ára gömul. Hún hafði menntað sig í nokkrum löndum í uppeldisfræði, barnahjúkrun og rekstri barnaheimila. Hún var fyrsti Íslendingurinn sem lærð að annast þroskahefta. Hún var frumkvöðull í lífrænni ræktun og mikill umhverfissinni. Epsilonsystur var boðið að horfa á fræðslumynd um Sesselju sem fjallaði um tilurð og uppbyggingu Sólheima og skoða safn sem opnað var sl. haust, um Sólheima og Sesselju, í elsta húsi staðarins.

Epsilonsystur funduðu í Umhverfissetrinu Sesseljuhúsi sem er timburhús með torfþaki og einangrað með ull af 2.400 kindum. Nýjum konum var boðið á þennan fund til að kynna



þeim starfsemi DKG í von um að þær sláist í hópinn næsta haust. Fulltrúi Epsilonsystra í félaga- og



útbreiðslunefnd DKG, Sigríður Guttormsdóttir, rakti m.a. sögu og starf samtakanna og fór yfir markmið þeirra. Hún taldi að það gæti vel farið svo að konur í DKG yrðu um 350 í 13 deildum í vor.

Gleðilegt sumar, kærur systur.

Sigríður Guðnadóttir vefritari Epsilondeildar



Það er von Epsilonsystura að fjórar til fimm konur gangi í deildina í haust svo tala félagskvenna

fari úr 26 upp í 30. Systur hafa oft á tíðum fengið spurninguna: Hvað færðu út úr því að vera í DKG? Svörin hafa verið eitthvað á þessa leið: „gleði, fræðslu, vináttu, eflir faglega vitund og tengslanet“.

Málþing á haustdögum

Stjórn Epsilondeildar setti sér markmið í haust að kynna DKG í nærumhverfi sínu með ráðum og dáð. Hugmynd fæddist á fyrsta fundi vetrarins um að halda málþing um læsi á öllum skólastigum og nú hefur hún orðið að veruleika. Það er búið að fá vilyrði fyrir sal FSu á Selfossi í haust, dagsetningin er ekki fast ákveðin en undirbúningsnefndin er komin á fullt skrið í að skipuleggja málþingið.

Landssambandsþingið

Epsilonsystur eru orðnar spenntar fyrir landssambandsþinginu sem verður haldið á Hótel Örki í Hveragerði 13.-14. maí nk. Þetta er í fjórða sinn sem þær sjá um að undirbúa sum atriði þingsins. Þó þingið sé haldið í heimabæ sumra systura eru þær staðráðnar að gista á Hótel Örki og hafa þegar tryggt sér herbergi. Samvera og skemmtun er það sem gefur lífinu gildi - og lífið er núna, eins og þar stendur.





Eta

Á vorönn hafa verið haldnir þrjár fundir í Eta deild. Fyrsti fundur ársins var haldinn 1. febrúar í Hannesarholti. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir sá um Orð til umhugsunar og flutti afar áhugaverða kynningu og myndasýningu um formóður sína á meðal Vestur-Íslendinga. Fyrirlesari var Pála



Hallgrímsdóttir verkefnastjóri Snorra-verkefnanna. Þetta er mjög áhugavert verkefni sem leggur áherslu

á að byggja brú milli menningarsvæða, með því að bjóða fólki af íslenskum ættum frá Norður-Ameríku hingað til lands. Markmiðið er að efla tengsl afkomenda vesturfaranna við Ísland og Íslendinga með því að kynna fyrir þeim tungumál og menningu með dvöl hjá ættingjum vítt og breitt um landið. Á sama hátt er íslenskum ungmönnum boðið að fara til fjögurra vikna sumardvalar á slóðir Vestur-Íslendinga í Norður-Ameríku. Fundarkonur tóku síðan lagið saman eins og þær gera svo gjarnan eftir að hafa notið samveru, fræðslu og veitinga.

Annar fundur vorunnar var haldinn í marsmánuði í Fjölbrautaskóla Breiðholts. Skólameistarinn Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir tók á móti okkur í FABLAB smiðju skólans. Forstöðukona smiðjunnar, Þóra Óskarsdóttir fræddi okkur um starfsemina en FabLab Reykjavík er hluti af FabLab Ísland. Verkefnið felst í að reka stafræna smiðju sem styður við nýsköpunarhugmyndir meðal almennings, innan menntastofnana og í atvinnulífinu. Síðan

tók sviðstjóri Rafvirkjabrautar í skólanum, Sigursteinn Óskarsson, á móti okkur í kennslustofum

brautarinnar og kynnti starfsemi hennar. Fram kom að mikil aðsókn er að náminu sem er bæði verklegt og bóklegt og eru nemendur 368 talsins. Var nú komið að veitingum og undir



borðhaldi hélt Halldóra Björnsdóttir, íþrótafræðingur, mjög áhugaverðan fyrirlestur um beinvernd „Sterk þein fyrir góða daga“. Þetta var sérstaklega fræðandi fundur.

Þriðji fundur vorunnar var haldinn um miðjan apríl í Glerskálanum í Finnsson Bistro. Fundurinn hófst með bráðskemmtilegum pistli Sigríðar Heiðu Bragadóttur í orð til umhugsunar um: Ritun í skólastarfi. Þá var Inntökuathöfn nýs félaga í Eta deild Sigríðar Ólafsdóttur, dósents við Menntavísindasvið, sem Ólöf Þór formaður stjórnaði. Inntökuathöfninni lauk með hópsöng deildarinnar *Vorvindar glaðir*. Síðan sagði Jóhanna Thelma Einarsdóttir frá alþjóðlegri rannsókn á persónulegum frásögnum 10 ára barna. Ísland hefur tekið þátt í þessari rannsókn með þátttöku 22 barna. Í frásögnum/ sögum barnanna áttu börnin að lýsa m.a. því: Þegar þau voru pirruð. Þegar þau voru stolt. Hverju þau hafa áhyggjur af og fleira. Eftir innlögn Jóhönnu var félögum í deildinni skipt í fjögurra manna hópa og völdu hver sína sögu/ reynslu og sögðu hópnum. Þá sögðu nokkrir félagar deildinni sína sögu. Að lokum var mjög góðum og skemmtilegum fundi lokið með hópsöng *Sunnan yfir sæinn breiða*.

Ólöf Helga Þór
formaður Eta deildar



Peta

Áfram var gleðin við völd hjá Þeta systurum á vorönninni. Við funduðum í janúar, febrúar og mars. Vorferð var á áætlun í lok apríl en ákveðið hefur verið að fresta henni til haustsins.

JANÚAR

Janúarfundur er bókafundur hjá Þeta deild. Við skiptumst á að fá rithöfund í heimsókn eða við veljum allar bók sem við viljum segja frá. Að þessu sinni fengum við rithöfund í heimsókn og ekki af verri endanum, Katrínu Jakobsdóttur



forsætisráðherra. Katrín gaf út bók fyrir jólin sem var samskrifuð með Ragnari Jónassyni, Katrín fór yfir forsögu sakamálasögunnar Reykjavík, hvernig það var að skrifa með öðrum og var einnig með skemmtilega frásögn af meistararitgerð sinni og tengingar við sakamálasögur á Íslandi. Nokkrar félagskonur sögðu frá áhugaverðum bókum sem þær höfðu lesið sem við deildum svo á facebook síðu okkar.

Þessi kvöldstund var yndisleg og einstaklega nærandi <3

FEBRÚAR

Í febrúar bauð Hólmfríður Árnadóttur okkar Þeta kona í heimsókn í Háskóla Íslands. Hólmfríður er verkefnisstjóri fjarnáms við HÍ og deildarstjóri kennslumiðstöðvar HÍ. Hólmfríður fór yfir þá verkefnavinnu sem búið væri að vinna, hvað væri framundan og þá verkferla sem gerðir hafa verið. Hlutverk



Kynning á fjarnámi

kennslumiðstöðvar er að veita starfsfólki og stjórnendum HÍ faglega ráðgjöf við þróun kennsluhátta og vera leiðandi í kennsluþróun háskóla. Þessi fundur var afar fræðandi og gaman að sjá þá miklu vinnu sem HÍ er að fara í varðandi fjarnám.

MARS

Í mars hittumst við í Njarðvíkurskóla þar sem Ásgerður skólastjóri og Þeta kona bauð heim. Við byrjuðum fundinn á að minnast Guðríðar Helgadóttur sem lést á árinu. Guðríður var einn af stofnfélögum Þeta deildar. Næst fengum við kynningu frá





deildarstjóra Heiðarskóla í Reykjanesbæ um lestrarvef semm hún hefur unnið að. Þar má finna allar helstu upplýsingar um lestur í skólanum og hvernig unnið er með nemendum til framfara.

Bryndís Kjartansdóttir, jóga kennari og lífskúnnstner hélt svo smá fyrirlestur um að efla okkur konur og fór svo með okkur í stólajóga. Enn og aftur einn gleðifundurinn og góð samvera sem styrkur okkur saman.

LOKAORÐ

Við í stjórn Þeta deildar erum nokkuð sáttar með veturinn. Markmiðið var að efla gleðina og koma vel og rólega til baka eftir tvö erfið Covid ár. Við getum með sanni sagt að það hafi tekist.

Næstu skref er að efla starfið enn frekar, fá fleiri nýliða í hópinn og fá fyrirlestra um ýmis konar fræðslu og fræðslustörf. Við munum einnig halda áfram að fara í heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki og fá að kynnast flottum verkefnum. Það er mikill kvennakraftur í hópnum okkar og gefur okkur öllum svo mikið að hittast, fræðast og eflast.

Að auki þessara upplýsinga um aðalefni fundanna vorum við með orð til umhugsunar, förum markvisst í ýmis konar leiki/ fræðslu til að kynnast hvor annarri betur og borðuðum alltaf léttu máltíð að loknum fundi.

Gleðistarfsár að baki. f.h. stjórnar Þeta deildar

Lóa Björg Gestsdóttir formaður.





Kappa

Bókafundur Kappadeildar var haldinn 24. janúar og var vel sóttur að vanda. Tvær félagskonur kynntu bækur, annars vegar *Brimhóla* eftir Guðna Elíasson og hins vegar *Lungu* eftir Pedro Gunnlaug Garcia. Báðar þessar bækur fengu glimrandi góða dóma hjá þeim sem kynntu bækurnar. Sagt var um *Brimhóla* að hún væri eins og konfektassi sem þyrfti að lesa hægt.

Lungu er löng bók og mikil og er ættarsaga tuttugustu aldar og nær alla leið í



framtíðina eða til ársins 2089. Bókin tekur á siðferðislegum spurningum ásamt því að taka á samskiptum fólks og örlögum. Á meðan það var verið að kynna bókina var höfundurinn á Bessastöðum að taka við íslensku bókmenntaverðlaununum. Sú nýlunda var tekin upp að félagskonur komu með bækur sem þær voru tilbúnar til að láta af hendi í skiptum fyrir aðrar og var mikið fjör á þessum litla skiptibókamarkaði.



Næsti fundur deildarinnar var haldinn 7. mars og þar kynnti Björg Birgisdóttir félagi í Kappadeild

Evrópusamstarfsverkefni sem Listaháskólinn tekur þátt í með áherslu á að efla, hvetja og

styðja við listamenn, frumkvöðla og leiðbeinendur í skapandi greinum og fullorðinsfræðslu. Verkefnið nefnist *Centaur* og er hægt að finna allar upplýsingar um verkefnið á heimasíðu þess <https://centaur-project.eu/>.

Þriðji fundurinn á vorönninni var haldinn 17. apríl



og var aðal ræðumaður fundarins Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verkefnastjóri Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar. Hlutverk Jafnréttisskólans er

að skapa vettvang og miðla þekkingu á jafnréttismálum til starfsfólks leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar í samræmi við áherslur aðalnámskrár. Annað hlutverk skólans er að veita ráðgjöf og stuðning varðandi ýmis málefni sem varða jafnréttismenntun, mannréttindi og kynheilbrigði. Kolbrún fræddi okkur meðal annars um staðalmyndir og áhrif þeirra.

Síðasti fundur starfsársins og aðalfundur deildarinnar verður haldinn í lok maí. Segir ekki meira af honum í þessu fréttabréfi sem er skrifað í lok apríl en að venju verður kátt á hjalla og ýmislegt fróðlegt og skemmtilegt í boði.

Ein Kappasystir kvaddi þennan heim í mars. Gunnhildur Óskarsdóttir prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður styrktarfélagsins *Göngum saman*, lést 17. mars eftir langvinn veikindi. Hennar er sárt saknað.

Sólborg Alda Pétursdóttir



Lambda

Félagskonur í Lambdadeild funduðu fjórum sinnum á vorönn. Fyrsti fundur okkar eftir áramótin var haldinn í Hamraskóla þar sem Anna Bergsdóttir skólastjóri og Helga Guðjónsdóttir Lambda-systir gengu með okkur um skólann og sögðu okkur frá leiðsagnarnámi en skólinn er þekkingar-skóli í leiðsagnarnámi.

Aðferðafræði námsins byggir á því að veita nemendum leiðsögn sem hjálpar þeim til að ná þeim markmiðum sem þeir stefna að. Markmiðin sem nemendur setja sér þurfa að vera skýr og vel skilgreind svo þeir, kennararnir og aðrir sem koma að náminu hafi sama skilning á því hvað sé til marks um að markmiðum sé náð. Heimsóknin í Hamraskóla var afar áhugaverð í alla staði, skólinn einstaklega hlýlegur og fallegur og eiga gestgjafarnir skilið heiður fyrir móttökurnar. Við heimsóttum líka félagsmiðstöð eldri borgara, Þorrasel, í boði Lambdasystur okkar Hólmfríðar S. Sveinsdóttur. Hólmfríður gekk með okkur um miðstöðina, sýndi okkur aðstöðuna, textílverk og annað handverk félagsmanna. Miðað við það sem við sáum og fengum kynningu á er félagslífið öflugt og gefandi fyrir þá sem nýta sér það. Síðan kom Þórunn Sveinbjörnsdóttir fyrrverandi formaður Landsambands eldri borgara á fundinn og sagði okkur frá þróun í starfi eldri borgara síðustu ár.

Þriðji fundur okkar sem jafnframt var inntökufundur var haldinn á Menntavísindasviði þar sem fimm félagskonur gengu til liðs við okkur.



Á sama fundi kynnti Ragnhildur Ólafsdóttir M.Ed. ritgerð um jafningjastjórnun og frammistöðumat.

Síðasti fundurinn á starfsárinu verður 17. maí. Hann verður óhefðbundinn, þ.e. ekki settur formlega nema við höfum að sjálfsgöðu nafnakall. Fundurinn verður helgaður útiveru í Öskjuhlíðinni og sameiginlegum málsverði á Nauthóli. Helgi Máni Sigurðsson sagnfræðingur ætlar að leiða okkur um Öskjuhlíðina og segja frá stríðsminjum og gróðurfari í hlíðinni og í framhaldi af göngunni ætlum við að borða saman.

Að lokum þá hefur starfsárið verið okkur afar ánægjulegt og gefandi og erum við þakklátar fyrir það. Við náðum fjórum fundum fyrir áramótin og fjórum á seinni önninni sem við teljum gott í ljósi síðustu tveggja starfsára. Ávallt voru félagskonur með orð til umhugsunar ýmist eftir eða fyrir fræðsluerindi eftir því hvernig stóð á fyrir fyrirlesurum. Mæting á fundina hefur verið með ágætum. Við stefnum ótrauðar á spennandi og öflugt starf á næsta ári með fimm nýjar félagskonur innanborðs og að sjálfsgöðu er markmiðið að fjölga félagskonum í deildinni enn frekar.

Sigurborg Kristjánsdóttir, formaður



Mý

Fyrsti fundur ársins var haldinn 25. janúar í Lundarskóla sem er grunnskóli á Akureyri. Þar sagði Ásdís Arnardóttir frá Mexíkóferð sem hún fór í um jól og áramót. Hún rakti ferðasöguna og sýndi myndir sem teknar voru í ferðinni. Þau ferðuðust um suðurhluta landsins og fóru um þrjú fylki. Í seinni hluta ferðarinnar keyrðu þau þvert yfir landið, alla leið til San Cristobal þar sem þau eyddu áramótunum. Þetta var mikil ævintýraferð.

Guðný Sigríður Ólafsdóttir las Orð til umhugsunar og sagði frá því þegar amma



hennar Margrét frá Villabæ í Bakkagerði kljádust við mannýgt naut. Sagan er að mörgu leyti athyglisverð en ekki síst vegna

þess að konan var bæði sjúk af berklum og ófrísk þegar ósköpin dundu yfir. Ekki er síður athyglisvert að velta fyrir sér kjörum fólks á þessum tíma. Bústaði þeirra er lýst sem litlum torfbæ, þröngum, rökum og köldum og ekki er lengra síðan en tvö kynslóðabil.



Í lok kvöldsins leiddi Dagný Elfa Birnisdóttir bókaleik. Leikurinn snerist um að finna nafn á bókum sem komu út um jólin. Skemmtu konur sér

vel yfir þessum leik og gekk allvel að finna

lausnina. Eftir það sögðu konur frá bókum sem þær lásu um jólin.

Annar fundur deildarinnar var haldinn í heimahúsi einnar félagskonu þann 31. mars. Þar fór formaður yfir það sem fram fór á rafrænum fundi allra stjórna DKG og ræddi og kynnti þingið sem fyrirhugað 13.-14. maí í Hveragerði. Hún hvatti konur til að skrá sig. Þá las Ragnheiður Björk Þórsdóttir Orð til umhugsunar og gerði lesblindu og lestrarvanda að umtalsefni sínu. Hugleiðingar hennar fjölluðu um hvernig hún og systkini hennar lærðu að lesa þar sem helmingur þeirra var með læsisvanda. Fyrstu ár hennar í skóla voru henni vítiskvalir þar sem hún varð ekki læs fyrr en um 10-11 ára gömul. Hún var hins vegar síteiknandi og það var ekki fyrr en gamall frændi hennar kenndi henni að lesa í gegnum áhugahvötina – myndlistina, að lestrarkennslan skilaði árangri. Þetta var athyglisvert og segir okkur hversu mikilvægt það er að vinna með börnum í gegnum áhugahvötina.

Því næst sagði Petrea Óskarsdóttir frá endurmenntunarferð kennara í Tónlistarskólanum á Akureyri til Tenerife í febrúar sl. Starfsfók skólans fór og skoðaði tvo áhugaverða tónlistarskóla á eyjunni og tónlistarsafn sem einnig er hótél. Að auki kynntust þau Karnivalstemmningu og fóru í hópefli. Þau voru þarna í eina viku og nutu lífs og lista víða um eyjuna allt frá suðri til norðurs.

Enn eigum við eftir að halda einn fund á þessu starfsári en hann verður haldinn mánudaginn 22. maí.

Fyrir hönd Mýdeildar,
Kristín Irene Valdemarsdóttir, formaður



Ný

Starfið á árinu 2023 fór í gang í janúarmánuði en þá hefur skapast sú hefð í Ný-deild að halda óformlegan bókafund. Þetta árið fór hann fram á Teams, en eins og aðrir vöndust Ný-deildar systur á rafræna fundi á Covid-tímum. Bókafundurinn var fámennur en um leið góðmennur og kynntu systur þær bækur sem þær höfðu lesið yfir hátíðarnar.

Formlegt deildarstarf fór svo aftur í gang í Ný-deild í mars mánuði. En sú ákvörðun var tekin við stofnun deildarinnar að fundahlé væri frá desember og fram í mars mánuð á hverju starfsári sökum veðurs og vegalengda.



Fyrsti fundur var haldinn mánudaginn 20. mars á B&S restaurant á Blönduósi. Þar fengum við svo kallaða Eyvindarstofu út af fyrir okkur, en á þeim stað var deildin stofnuð að vori 2017. Með orð til umhugsunar fór Lee Ann Maginnis sem lagði innleggið upp frá áhuga sínum á knattspyrnu. Á fundinn fengum við í heimsókn til okkar Maríu Önnu Kemp Guðmundsdóttur. Sem fræddi okkur um málefni hinsegin samfélagsins út frá sinni lífssögu. Erindi hennar var bæði fræðandi og skemmtilegt auk þess að vera

á hugaverð viðbót í þema starfsársins – mannréttindi.

Næsti fundur okkar í Ný-deild var 25. apríl s.l. en þá var ferð okkar haldið til Hvammstanga þar sem fundurinn var haldinn í Grunnskólanum. Eydis Bára Jóhannsdóttir fór með orð til umhugsunar á fundinum þar sem hún fjallaði um vorboða, vorið og vorljóð.



Á fundinn fengum við til okkar með erindi Liljónu Milenkoska, innflytjanda frá Makedóníu, sem talaði við okkur um stöðu kvenna af erlendum uppruna og sagði okkur sögu sína sem innflytjanda í smábæ á Norðurlandi. Erindið var einstaklega vel heppnað og rómað af fundarsysturum.

Starfsári okkar er ekki lokið þar sem við eigum sjötta formlega fund vetrarins eftir. Hann verður haldinn miðvikudaginn 24. maí n.k. og þá er stefnan sett á óvissuferð um héraðið. Ný-deildar systur hafa frá stofnun endað á óvissuferðum þau starfsár sem ekki eru aðalfundir að vori. Vonumst við eftir bæði skemmtilegri og á hugaverðri kvöldstund.

Guðbjörg Einarsdóttir, formaður í Ný-deild



Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

Stefnuyfirlýsing Delta

Kappa Gamma:

*Alþjóðasamtökin Delta
Kappa Gamma stuðla að
auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna
í fræðslustörfum og gæðum í
menntun og uppeldisstörfum.*



Heimasíðan okkar er:

<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:

<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:

<http://dkg.org>